Hafnarfjörður

Bæjarráð Hafnarfjarðar
b.t. Árna Rúnars Þorvaldssonar, formanns
Strandgata 8-10

Hafnarfjörður 23. nóvember 2026
Málsnúmer 2611169

Efni: Svar við fyrirspurn Framsóknarflokks í fjölskylduráði þann 10. nóvember sl.

Á fundi fjölskylduráðs þann 10. nóvember sl. lagði fulltrúi Framsóknar fram eftirfarandi fyrirspurn:

Óskað er eftir upplýsingum um þær uppsagnir starfsfólks sem ákveðnar hafa verið hjá Hafnarfjarðarbæ í tengslum við hagræðingaraðgerðir í rekstri sveitarfélagsins. Sérstaklega er óskað eftir eftirfarandi upplýsingum:

- Fjöldi uppsagna: Sundurliðun á fjölda uppsagna eftir einstökum sviðum og starfseiningum sveitarfélagsins.
- Hlutfallsleg skipting: Upplýsingum um hlutfall uppsagna miðað við heildarfjölda stöðugilda á hverju sviði, bæði fyrir og eftir fyrirhugaðar breytingar.
- Forsendur og viðmið: Greinargerð um þær forsendur, faglegu sjónarmið og viðmið sem lágu til grundvallar ákvörðunum um fjölda og skiptingu uppsagna milli einstakra sviða og starfseininga.
- Mat á áhrifum: Upplýsingum um hvort unnin hafi verið greining á rekstrarlegum, faglegum og þjónustutengdum áhrifum uppsagnanna á einstök svið og starfseiningar. Hafi slík greining verið unnin er óskað eftir að hún verði lögð fram.
- Áhrif á þjónustu: Greinargerð um hvernig tryggt verði að lögbundin þjónusta sveitarfélagsins verði áfram veitt með fullnægjandi hætti og hvaða áhrif fækkun starfsfólks kunni að hafa á þjónustustig, gæði þjónustunnar og aðgengi íbúa að henni.
- Mat á öðrum úrræðum: Upplýsingum um hvort önnur úrræði til hagræðingar hafi verið metin áður en ákveðið var að grípa til uppsagna. Ef svo er, er óskað eftir upplýsingum um hvaða leiðir voru skoðaðar og hvaða sjónarmið réðu því að uppsagnir urðu fyrir valinu.

Óskað er eftir að framangreindar upplýsingar verði lagðar fram á samanteknu formi og án persónugreinanlegra upplýsinga um einstaka starfsmenn. Komi upp álitamál um persónuvernd vegna fámennra starfseininga er óskað eftir að upplýsingarnar verði settar fram með þeim hætti að persónuvernd sé tryggð án þess að það komi í veg fyrir nauðsynlega upplýsingagjöf til kjörinna fulltrúa.

Ákvarðanir um uppsagnir starfsfólks eru umfangsmiklar og geta haft veruleg áhrif á starfsemi sveitarfélagsins, þá þjónustu sem íbúum er veitt og starfsumhverfi þeirra sem áfram starfa hjá Hafnarfjarðarbæ. Mikilvægt er að kjörnir fulltrúar hafi skýra yfirsýn yfir umfang aðgerðanna, þær forsendur sem liggja þeim til grundvallar og hvaða áhrif þær kunna að hafa á rekstur og þjónustu sveitarfélagsins.

Hafnarfjörður

Upplýsingabeiðnin snýr ekki að persónulegum málefnum einstakra starfsmanna heldur að heildstæðu mati á þeim ákvörðunum sem teknar hafa verið og afleiðingum þeirra. Með vísan til upplýsingaréttar sveitarstjórnarmanna samkvæmt 28. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er eðlilegt að þessar upplýsingar liggi fyrir svo kjörnir fulltrúar geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu, lagt sjálfstætt mat á forsendur ákvarðananna og fylgt eftir áhrifum þeirra á starfsemi og þjónustu Hafnarfjarðarbæjar.

Eftirfarandi bókun var gerð:

> Lagt fram og sviðsstjóra falið að svara fyrirspurninni.

Fyrirspurn fulltrúa Framsóknar snýr að upplýsingum um uppsagnir starfsfólks í miðlægri stjórnsýslu sem ákveðnar hafa verið hjá Hafnarfjarðarbæ í tengslum við hagræðingaraðgerðir í rekstri sveitarfélagsins. Fyrirspurnin er almenn fyrir sveitarfélagið og er því vísað í greinargerð bæjarstjóra sem lögð var fram í bæjarráði þann 29. október sl. um hagræðingaraðgerðir og fækkun stöðugilda í stjórnsýslu Hafnarfjarðarkaupstað, sem svar við henni.

Virðingarfyllst,
Guðlaug Ósk Gísladóttir
Sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs

Fylgiskjal:

1. Hagræðingaraðgerðir og fækkun stöðugilda í stjórnsýslu Hafnarfjarðarkaupstað dags. 29. október 2026